

Mál nr. 42/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu vegna upplýsingaskyldu við töku vátryggingar 28.04. 2002

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.02. 2007, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Þann 28.04. 2002 veitti eiginkona M heilsufarsupplýsingar við töku sjúkdómatryggingar. Hún lest af krabbameini á árinu 2005. Við töku vátryggingarinnar “láðist kæranda að upplýsa um kvíða- og þunglyndiseinkenni” og voru bætur til M því skertar um 1/3 vegna vanrækrar upplýsingaskyldu. M telur að engin töluleg rök hafi verið færð fyrir þeirri skerðingu auk þess sem sá sjúkdómur sem olli andláti eiginkonu hans hafi ekki tengst þeim sjúkdómi sem félagið telur að láðst hafi að geta um.

Vátryggingafélagið vísar til þess að félaginu hafi verið tilýnt í janúar 2006 að eiginkona M hafi í byrjun júlí 2005 greinst með bótaskyldan sjúkdóm þ.e. lungnakrabbamein. Hún hafi látist í desember 2005. Í kjölfarið hafi farið fram reglubundin gagnaöflun af hálfu félagsins og þá hafi komið í ljós að svör hennar á umsókn um vátrygginguna hafi ekki verið í samræmi við þau gögn sem félagið aflaði sér. Í læknisvottorði, dags. 12.01. 2006, sé þess getið m.a. að hún “er með þekkta slitgigt, hefur legið nokkrum sinnum á geðdeild BSP og LSH vegna þunglyndis og kvíða”. Jafnframt hafi verið upplýst um lyf sem viðkomandi hafi tekið í nokkur ár vegna kvíða og þunglyndis. Síðasta skráða færsla á endurnýjun lyfja fyrir undirritun vátryggingarinnar hafi verið 27.11. 2001. Félagið telur með vísan til vinnureglna félagsins á þeim tíma (sbr. fyrirliggjandi gögn) ljóst að “hefðu ofangreindar upplýsingar um heilsufar legið fyrir hefði ekki verið hægt að gefa út vátryggingu” án aukaiðgjalds sem næmi “50-100% vegna sögu um langvarandi þunglyndi”. Niðurstaða félagsins hafi því verið sú “með vísan til 6. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, að ákvarða að umsóknin hefði verið samþykkt með 50% aukaiðgjaldi og þar af leiðandi að skerða bætur um 33,3%”. Félagið telur að það að sá sjúkdómur sem hafi valdið andláti viðkomandi tengist á engan hátt þeim sjúkdómi sem ekki var getið um á umsókninni, og áður er rakið, breyti “í engu niðurstöðu félagsins enda er ekki gerð krafa um orsakatengsl í lögum nr. 20/1954”. Viðkomandi hafi svarað neitandi spurningum á beiðni nr. 2.3 og 2.4 og 2.6f og 2.6t (varðandi lyf, lækniseftirlit, geðsjúkdóma/þunglyndi og sjúkdómseinkenni). Vátryggingafélagið vísar í umfjöllun sinni til vinnureglna þess varðandi ákvörðun um 50-100% aukaiðgjald þar sem fram kemur “Slow response to treatment, chronic symptoms or impairment of social functioning +100/+50”.

Álit.

Afstaða til máls þessa er tekin út frá þágildandi lögum um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Í 1. mgr. 6. gr. kemur fram að hafi vátryggingartaki gefið rangar upplýsingar en öðruvísi stendur á en segir í 4. – 5. gr. er félagið laust mála, ef ætla má að það hefði ekki tekið á sig vátrygginguna hefði það haft rétta vitneskju um málavexti. Í 2. mgr. 6. gr. er þess getið að ef ætla má að

vátryggingafélagið hefði tekið vátrygginguna á sig, en með öðrum kjörum, ábyrgist félagið það af þeim mun sem, það mundi hafa skuldbundið sig fyrir hið umsamda iðgjald.

Í skýringum við nefnda grein í athugasemdum frumvarpsins er þess getið m.a. að ef vátryggingartaki mátti ætla að atvik skiptu félagið engu máli er félagið skuldbundið samkvæmt efni samningsins.

Það var óvarlegt að upplýsa vátryggingafélagið ekki af meiri nákvæmni um sjúkdómssögu viðkomandi. Aðilar máttu ætla að atvik þessi skiptu máli fyrir félagið. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ljóst að félagið hefði tekið vátrygginguna á sig þótt það hefði vitað hið rétta en með öðrum kjörum sbr. nánar fyrirbyggjandi gögn. Í nefndu ákvæði 2. mgr. 6. gr. er kveðið á um svonefnda hlutfallsreglu við aðstæður sem þessar. Afstaða vátrygginga-félagsins til skerðingar á bótarétti er í samræmi við þá hlutfallsreglu.

Með hliðsjón af framanrituðu, fyrirbyggjandi gögnum og 6. gr. þágildandi laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, er vátryggingafélaginu rétt að skerða bætur sem nemur 33,3%.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 20. mars 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.